


Tónlistarsafn Íslands

Stutt samantekt um starfsemina

á árinu 2010



Kópavogi

31. desember 2010

Tónlistarsafn Íslands

Starfsemi Tónlistarsafns Íslands hefur verið vaxandi allt frá stofnun þess. Á fyrsta starfsári voru settar upp fjórar sýningar og hefur aðsókn farið vaxandi. Kemur það m.a. til af því að vitneskjan um tilveru safnsins er að breiðast út og að sama skapi hefur áhuginn á starfi þess vaxið meðal almennings, tónlistarmanna, skóla og stofnana.

Löngu var orðið tímabært að stofna safn í kringum listgreinina tónlist, eins og sjá má af ýmsum sögulegum verðmætum sem bjargað hefur verið í hús, einungis vegna tilkomu safnsins. Eftir því sem safnið eflist og vitneskja um starfsemi þess verður almennari mun þetta björgunarstarf áreiðanlega eflast enn frekar (sjá nánar á vefsíðu safnsins - www.tonlistarsafn.is - undir Gjafir).

Árið 2010

Starfsemi árisins 2009 lauk með sýningunni „Heilbrigð æska“ sem fjallaði um upphaf pönktónlistar á Íslandi, með sérstakri áherslu á Kópavog. Sýningin vakti mikla athygli og var aðsókn góð.

Áætlað var að opna stórsýningu um tónskáldið Sveinbjörn Sveinbjörnsson í lok janúar 2010 en í safninu er fjölda muna sem borist hafa frá afkomendum tónskáldsins í Kanada. Að lokinni fjárhagsáætlunargerð Kópavogsbæjar í lok desember 2010 kom í ljós að aðeins var gert ráð fyrir einum starfsmanni í safninu. Miðað við tíma og aðstæður var gersamlega vonlaust að koma upp sýningu með einum starfsmanni. Forstöðumaður ákvað því, í samvinnu við sína yfirmenn, að fresta sýningunni um eitt ár. Byggðist sú ákvörðun einnig á því að umsókn um styrk við sýninguna til fjárlaganefndar Alþingis var hafnað. Í ljós hefur þó komið að enn er líf í þeirri umsókn og er beðið eftir svari frá Forsætisráðuneytinu sem að eigin frumkvæði sendi fyrirspurn um styrkinn og sýninguna.

Safnanótt 2010

Tónlistarsafnið tók þátt í Safnanótt 12. febrúar 2010 og var opið til kl. 23.00. Forstöðumaður var til staðar í safninu og ræddi við gesti. Stíllt hafði verið upp lítilli sýningu með munum úr eigu safnsins þannig að gestir komu ekki að lokuðu húsi.

Starfsmannamál

Í lok janúar kom í ljós að Jón Hrólfur Sigurjónsson gat haldið áfram störfum við safnið. Undirbúningur hófst þá strax að sýningu um Sigfús Halldórsson tónskáld - Fúsi á ýmsa vegu - sem síðan var formlega opnuð á Kópavogsdögum, 8. maí sl.

Lilja Birgisdóttir kom inn sem starfsmaður 1. febrúar, samkvæmt samningi við Vinnumálastofnun. Lilja hefur síðan unnið ötullega að klippingu myndbanda og

myndefnis vegna verkefnisins Orgel í íslenskum kirkjum. Hún mun starfa í safninu út júnímánuð. Áður hafði Ingólfur Anar Björnsson starfað við sama verkefni í mánuð, á sömu försendum, en hann sagði starfinu lausu þar sem hann fékk tilboð um betur launaðra starf.

Guðrún Helga Stefánsdóttir höf störf á safninu 27. febrúar sl. og var sú vinna hennar liður í námi í menningarstjórnun við háskólann á Bifröst. Guðrún Helga starfaði launalaust í safninu í þrjá mánuði og tók virkan þátt í mörgum verkefnum safnsins. Má þar nefna undirbúning sýningarinnar um Sigfús Halldórsson, þar sem hún lagði fram mikið og óeigingjarnt starf. Einnig skipulagði Guðrún Helga og tók sjálf þátt í verkefni safnsins sem snýr að því að taka upp á video, söng sjálfboðaliða á Þjóðlagasafni séra Bjarna Þorsteinssonar, alls um 1000 lög (Sjá nánar á vef Tónlistarsafns, undir Vekefni). Upptökur ásamt ítarefni verða síðan birtar í ÍSMÚS gagnagruninum. Þá vann Guðrún Helga við að skipuleggja og skrá gögn Sveinbjörns Sveinbjörnssonar sem safninu hafa borist frá Kanada.

Fúsi á ýmsa vegu

Sýning Tónlistarsafns um Sigfús Halldórsson, Fúsi á ýmsa vegu, var opnuð formlega á Kópavogsdögum 8. maí 2010. Sýningin hefur vakið mikla athygli og ánægju, sérstaklega meðal eldra fólks, og hafa yfir 1200 gestir séð sýninguna frá opnun. Í sumari er fyrirhugað að kynna sýninguna sérstaklega fyrir eldri borgurum og í haust fyrir skólafólki.

3Gögn sem borist hafa safninu

Til marks um þann velvilja og traust sem safninu hefur verið sýnt er rétt að tæpa stuttlega á þeim munum og gögnum sem fólk hefur ánað safninu.

Jón Þórarinnsson tónskáld

Jón hringdi í forstöðumann Tónlistarsafns og bauð honum í heimsókn. Í framhaldinu bað Jón og kona hans um að safnið tæki við persónulegum gögnum Jóns („... allt úr geymslunni.“). Gögnin eru nú í varðveislu safnsins og biðja þess að tóm gefist til að yfirfara þau, flokka og skrá það sem þar kann að leynast af verðmætum.

Páll Halldórsson

Fyrir nokkrum árum lést organistinn og kennarinn Páll Halldórsson. Hann hafði verið ötull í félagsmálum organista og mikill bókasafnari. Við lát Páls afhentu erfingjarnir Bókasafni Hafnarfjarðar bókasafn hans. Í vetur óskaði svo safnið, í samráði við afkomendur, eftir að þetta tónlistarbókasafn gengi til Tónlistarsafns Íslands. Gjöfin var þegin með þökkum og kemst safnið vonandi í hillur í safninu með tímanum.

Tónlistarsaga Íslands

Í marsmánuði barst safninu erindi um fund vegna þeirra gagna sem Jón Þórarinnsson hafði skilið eftir í vinnuaðstöðu Tónlistarsögu Íslands í Þjóðskjalasafni Íslands. Á fundinn mættu einnig fulltrúar Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og fulltrúi Menntamálaráðuneytisins. Niðurstaða fundarins varð sú að Menntamálaráðuneytið óskaði eftir því að Tónlistarsafnið tæki yfir gögn Tónlistarsögu Íslands til framtíðar varðveislu. Hér er um að ræða spjaldskrár, bækur sem og öll tölvugögn sem til urðu á um 25 ára tímabili við ritun Tónlistarsögu Íslands. Er ætlun Tónlistarsafns að gera allar þessar upplýsingar (m.a. um 10.000 skráningarspjöld) aðgengileg almenningi í Ísmús gagnagrunninum á Netinu.

Tónleikaskrár

Safninu barst að gjöf mikill fjöldi tónleikaskráa úr dánarbúi Guðrúnar Guðmundsdóttur (1922-2010). Guðrún var mikill áhugamanneskja um tónlist og sótti tónleika mikið alla æfi. Skrárnar ná yfir tímabilið 1943-2010 og munu sannarlega nýtast við skráningu á tónlistarsögu þjóðarinnar.

Hljóðfæraverkfæri Jens M. Valdimarssonar

Helga Valdimarsson hafði samband við safnið en hún hafði í áratugi varðveitt verkfæri sem faðir hennar hafði notað við hljóðfæraviðgerðir í Reykjavík fyrir miðja 20. öldina. Jens fluttist til Spánnar 1952 og síðar Ástralíu. Hann lést í desember 2009.

Munir úr Tónlistarskólanum í Reykjavík

Tónlistarskólinn í Reykjavík færði safninu að gjöf skrifborð Jóns Leifs tónskálds, nótnapúlt Björns Ólafssonar flöðuleikara, auk nótna og hljómplatna með íslenskri tónlist. Þá fengum við 7 kassa með ljósmyndum af erlendum tónlistarmönnum sem verið höfðu gestir Tónlistarfélagsins í Reykjavík í áratugi á 20. öld. Einnig fylgdu með gjöfinni ljósmyndir úr óperu- og óperettusýningum frá því um og eftir 1950.

Til viðbótar því sem hér er talið hafa safninu borist ýmsar plötu- og bóka-gjafir sem við teljum rétt að varðveita.

Samstarf

Samstarf Tónlistarsafns við menningarstofnanir Kópavogsbæjar sem staðsettar eru á Borgarholti hefur frá upphafi verið mikið og hnökralaust. Hér er bæði vísað til samstarfs um aðstöðu (húsnæði og tækjakost - sýningarskápa t.d.) og verkefni. Hér má t.d. nefna Gítarsýningu í Molanum 3.-17. nóvember 2009 í tengslum við Gítarveislu Bjössa Thor í Salnum, og áður nefnda Fúsasýningu í tengslum við áherslu bæjarins á Sigfús Halldórsson á nýliðnum Kópavogsdögum.

Auk þessa samstarfs við listastofnanir bæjarins, hafa stóru landssöfnin lýst vilja til að auka samstarf við Tónlistarsafn, enda hafa þau talsvert leitað til Tónlistarsafns vegna álitamála er varða tónlist – m.a. vísað til safnsins fyrirspurnun erlendis frá. Vilji er til að formfesta þessa samvinnu með formlegum samstarfssamningi milli safnanna. Í þessu sambandi er vert að nefna að nú, 1. júní, fór inn í Vísindasjóð Rannís styrkumsókn sem m.a. miðar að samtengingu Ísmús-gagnagrunnsins og ýmissa gagnagrunna á vefjum stóru safnanna (gegnir.is, handrit.is, skjalasofn.is). Aðilar að þessari umsókn eru Landsbókasafn, Miðstöð munnlegrar sögu, Fræðasetur Háskóla Íslands á Norð-Vesturlandi, Forsvars ehf. á Skagaströnd og Músík og saga ehf. Afar áhugavert er að Ísmús grunnurinn, sem Músík og saga hefur unnið að í um 16 ár, skuli þykja það merkilegur að þessar stofnanir vilji nýta hann til miðlunar á sínum gögnum.

Ástæða þess að Músík og saga ehf. er umsóknaraðili, en ekki Tónlistarsafn, er sú að ekki hefur enn verið gengið frá því að gagnagrunnurinn verið hluti af starfsemi Tónlistarsafns Íslands, þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Ríður á að tekin verði ákvörðun um það mál.

Ráðstefna

Tónlistarsafn Íslands hefur tekið að sér að skipuleggja alþjóðlega tveggja daga ráðstefnu um tónlistarrannsóknir sem fyrirhuguð er í maí 2011. Verkefnið er unnið í samstarfi við Íslenska Tónverkamiðstöð, Helga Jónsson tónlistarfræðing og prófessor Dr. Annette Kreutziger-Herr við Hochschule Für Musik in Köln. Með Annette í Köln vinna að undirbúningi verkefnisins Florian Heesch og Katrin Losleben. Yfirskrift ráðstefnunnar verður „Music and Nature“ og koma væntanlegir fyrirlesarar frá Evrópu, Ástralíu, Kanada og Bandaríkjunum. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir Þýska sendiráðinu og er stefnt að formlegri aðkomu þess. Gert er ráð fyrir innlendum sem erlendum styrkjum, m.a. frá Deutscher Akademischer Austausch Dienst (DAAD)¹ í Þýskalandi.

Undirritaður hefur þegar bókað Salinn fyrir ráðstefnuna dagana 18.-20. maí 2011. Viðburðurinn verður ekki aðeins ómetanleg kynning á Tónlistarsafni Íslands heldur líka á Kópavogi sem menningarbæ.

Hollvinasamtök

Áhugahópur um Tónlistarsafn Íslands vinnur nú að stofnun Hollvinasamtak um safnið. Undirritaður bindur miklar vonir við að sá mikli áhugi sem greinilegur er fyrir starfsemi safnsins og vinsemd í þess garð fái þarna verðugan farveg.

¹ **What is DAAD?** - DAAD stands for "Deutscher Akademischer Austausch Dienst", also known as German Academic Exchange Service. DAAD is a joint organisation of German institutions of higher education and student bodies. Our aim is to promote academic co-operation world wide, especially through the exchange of students, scholars, academics, and scientists.

Annað

Loks má nefna að á vef Tónlistarsafns (www.tonlistarsafn.is) er að finna mikið magn upplýsinga um safnið og starfsemi þess. Einnig má nefna að Músík og saga ehf., sem frá upphafi hefur verið rætt um að gangi til Tónlistarsafns, heldur úti upplýsingavefnum Músík.is (www.musik.is). Vefurinn hefur verið virkur frá janúar 1995 og er umfangsmesta upplýsingagátt um íslenska tónlist sem nú finnst á Netinu. Eitt dæmi um upplýsingamiðlun sem þarna fer fram eru lítil vefsíða um Jón S. Jónsson, tónskáld (sjá www.musik.is --> Tónlistarsaga (á miðri forsiðu, hægra megin) --> Jón S. Jónsson (undir Einstaklingar, hægra megin á síðunni).

Jón S. Jónsson (1934-2005) var fyrsti skólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs og höfundur lagsins Kópavogsbær við ljóð Þorsteins Valdimarssonar. Ástæðan fyrir vefsíðu um Jón er lýst á síðunni en okkur furðaði nokkuð að enginn virtist vita neitt um þennan ágæta mann.

Kópavogi 31. desember 2010

Bjarki Sveinbjörnsson